

Miðvikudaginn 16. september 1992.

Nr. 276/1990. **Guðmundur Guðmundsson**

gegn

**Kreditkortum hf.**

Kærumál. Fjárnámsgerð felld úr gildi.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Garðar Gíslason og Guðmundur Skaftason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu, út gefinni 17. júlí 1990, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. júní sama ár. Málið sætir nú kærumeðferð samkvæmt 3. mgr. 107. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 5. tl. 102. gr. laga nr. 92/1991, og hafa aðilar skilað í því sókn og vörn.

Sóknaraðili krefst þess, að hinni kærðu fjárnámsgerð „verði hrundið og hún ómerkt og úr gildi felld“ og varnaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað fyrir Hæstarétti.

Varnaraðili krefst þess, að hin kærða fjárnámsgerð verði staðfest fyrir 51.195 krónum með vöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 17. maí 1988 til greiðsludags auk alls kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, ef til kemur. Hann krefst kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili heldur því m. a. fram, að dómskuld sú, sem í málinu greinir, hafi endanlega og að fullu verið upp gerð 9. maí 1988. Varnaraðili telur, að svo hafi ekki verið, og megi rekja það til mistaka, er orðið hafi á skrifstofu lögmanns þess, er kröfuna hafði til innheimtu, við útreikning á eftirstöðvum skuldarinnar.

Áskorunarstefnan, sem hin kærða fjárnámsgerð er byggð á, var árituð um aðfararhæfi 15. desember 1986. Með henni var gerð aðfararhæf skuld, að fjárhæð 114.462,89 krónur, ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði eða broti úr mánuði frá 17. nóvember 1986 auk stimpilgjalds, 450 króna, og afsagnarkostnaðar, 205 króna, og málskostnaðar, 17.000 króna. Grundvöllur þessara krafna var trygg-ingarvixill, samþykktur af Sigrúnu Guðmundsdóttur, en út gefinn af varnaraðila 17. október 1986, að fjárhæð 180.000 krónur. Hinn 9. maí 1988 greiddi sóknaraðili á skrifstofu lögmanns varnaraðila

140.419,26 krónur, er hann var krafinn um sem eftirstöðvar skuldarinnar. Fékk sóknaraðili þá í hendur ljósrit af áðurgreindum tryggingarvixli með svofeldri áritun lögmanns kröfuhafa: „Það vottast hér með, að víxill þessi var lagður fram í bæjarþingi Reykjavíkur þann 2. 12. 1986 og er þar með eign bæjarþingsins. Víxill þessi er að fullu greiddur af Guðmundi Guðmundssyni fyrir hönd Sigrúnar Guðmundsdóttur.“ Greiðsluáskorun var birt sóknaraðila 26. október 1989, en fjárnáms var beiðst í framhaldi af henni. Fór það fram 15. nóvember 1990.

Telja verður, að sóknaraðili hafi 9. maí 1988 fengið fullnaðarkvittun fyrir kröfum þeim, er gerðar voru aðfararhæfar með áskorunarstefnunni 15. desember 1986. Ber því að fella hina kærðu fjárnámsgerð úr gildi.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 40.000 krónur í kærumálskostnað, sem ákveðinn er án tillits til virðisaukaskatts.

#### D ó m s o r ð:

Hin kærða fjárnámsgerð er úr gildi felld.

Varnaraðili, Kreditkort hf., greiði sóknaraðila, Guðmundi Guðmundssyni, 40.000 krónur í kærumálskostnað.

---